

# Merking matvæla – Hvaða upplýsingum á neytandinn rétt á?

Neytendur eiga rétt á greinargóðum upplýsingum um þau matvæli sem boðin eru til sölu, auglýst eða kynnt með öðrum hætti. Merkingar mega ekki vera blekkjandi, þær verða að vera vel læsilegar og skýrar. Merkingar eiga að vera á íslensku, ensku eða norðurlandamáli, öðru en finnsku.

Eftirfarandi upplýsingar er almennt skylt að merkja á umbúðum matvæla, þó með ákveðnum undantekningum og /eða sérákvæðum.

## Vöruheiti

Vöruheiti á að gefa til kynna um hvers konar vöru er að ræða. Ef ekki er hægt að sjá af vöruheiti um hvers konar vöru er að ræða þá verða útskýringar að fylgja með. Til eru vernduð vöruheiti sem má aðeins nota ef varan uppfyllir ákveðin skilyrði. Dæmi um vernduð vöruheiti er ávaxtasafi, hamborgari, skinka, mjólkursúkkulaði og marmelaði.

## Innihaldslýsing

Innihaldslýsing veitir greinargóðar upplýsingar um samsetningu vörunnar. Þar á að telja upp allt sem sett er í vöruna, fyrst það sem mest er af



**Innkaup Merkingar mega ekki vera blekkjandi, þær verða að vera vel læsilegar og skýrar.**

Morgunblaðið/Golli

og síðan koll af kolli eftir minnkandi magni. Innihaldi vara þekktá ofnæmis- og óþolsvalda eða afurðir unnar úr þeim skal það tilgreint í innihaldslýsingu.

## Magnmerking

Í sumum tilvikum, sérstaklega ef verið er að gera einu innihaldsefni hærra undir höfði en öðrum þurfa

upplýsingar um magn þess að koma fram á umbúðum. Sem dæmi má nefna vöru sem heitir rækjusalat, merkja þarf hversu hátt hlutfall rækju (%) er í vörunni.

## Nettóþyngd

Nettóþyngd er þyngd matvæla án umbúða og skal merkja nettóþyngd á neytendaumbúðum.

## Geymsluþol

Matvæli skulu merkt með „best fyrir“ dagsetningu. Kælivörur sem hafa 5 daga geymsluþol eða skemmra á að merkja með „síðasti neysludagur“. Kælivörur sem hafa 3ja mánaða geymsluþol eða skemmra á að merkja með þökkunardegi auk þess að merkja með „best fyrir“. Undantekningar frá geymsluþolsmerkingu eru t.d. ferskir ávextir og grænmeti, sykur og salt.

## Ábyrgðaraðili

Heiti og heimilisfang (a.m.k. borg eða bær) ábyrgðaraðila skal gefið upp á umbúðum. Fyrst og fremst ber framleiðandi ábyrgð á sinni vöru, hann ber ábyrgð á því að fyllsta öryggis sé gætt við framleiðslu og að umbúðamerkingar séu réttar. Þetta leysir hins vegar dreifingar- og söluaðila ekki undan allri ábyrgð, því ekki má bjóða til sölu aðrar vörur en þær sem uppfylla reglur um merkingar og innihald matvæla.

Þó að matvæli séu seld án umbúða eða þeim pakkað á sölustað á kaupandi engu að síður rétt á upplýsingum um flest þau atriði sem annars myndu koma fram á umbúðunum. Söluaðili á að hafa þær upplýsingar tiltækar og geta veitt þær sé þess óskað.

Sesselja María Sveinsdóttir, matvælafræðingur hjá Matvælastofnun.

Nánari upplýsingar á [mast.is](http://mast.is)